

# Íþróttamiðstöð Vestmannaeyja

## Sundlaugarvörður/Starfsmaður í Íþróttamiðstöð

Starfsmenn Íþróttamiðstöðvar leitast við að veita viðskiptavinum, nemendum, iðkendum og öðrum hópum sem koma í íþróttamannvirki (Íþróttamiðstöð, Herjólfshöll og Týsheimili) undir stjórn Vestmannaeyjabæjar frábæra þjónustu í hreinu og snyrtilegu umhverfi þar sem áhersla er lögð á öryggi og hreinlæti. Leitað er eftir öllum kynjum.

**Starfshlutfall:** 50 - 100 %

**Vinnufyrirkomulag:** Vaktavinna; virka daga, á kvöldin og um helgar

**Ráðningartímabil:** Frá 1. júní – 30. ágúst

### Helstu verkefni:

- Bað- og sundlaugavarsla
- Þjónusta við viðskiptavinum
- Þrif og reglubundið eftirlit með tækjum og búnaði
- Framfylgja öryggis- og umgengisreglum sundlauga
- Önnur tilfallandi verkefni samkvæmt starfslýsingu

Unnið er í vaktarúllum og eru verkefni/störf misjöfn á milli vakta, undir stjórn yfirmanns eða nánari verklýsingu.

### Hæfniskröfur:

- Umsækjendur þurfa að hafa náð 18 ára aldri
- Krafa um gilt hæfnispróf sundstaða skv. reglugerð um öryggi á sundstöðum  
Boðið er upp á námskeið fyrir alla starfsmenn við upphaf ráðningar
- Gerð er krafa um heilbrigðisvottorð skv. reglum um öryggi á sundstöðum og við kennslulaugar
- Hreint sakavottorð skv. æskulýðslögum nr. 70/2007
- Gerð er krafa um ríka þjónustulund og samskiptahæfileika
- Samviskusemi, stundvísi og frumkvæði í starfi

**Laun skv. kjarasamningi:** Stavey/Drífandi

Upplýsingar um starfið veitir Hákon Helgi Bjarnason, forstöðumaður, í síma 488-2401 eða í gegnum tölvupóst á netfangið [hakon@vestmannaeyjar.is](mailto:hakon@vestmannaeyjar.is)